



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union



LeCoLe - Learners as Co-creators of Their Own Learning

2020-1-LV01-KA201-077454

Fréttabréf nr. 1

Janúar 2021

„Framtíð náms er fólgin í sam-sköpun“ segir Rohit Pande, forstjóri Habitat

Sæl og blessuð. Hér birtist fyrsta fréttabréfið um „Nemendur sem skapa saman eigið nám“ eða „Learners as Co-creators of Their Own Learning – LeCoLe“ sem er stefnumótandi samstarfsverkefni fyrir skóla og tilheyrir Erasmus+ áætluninni.

LeCoLe var hleypt af stokkunum í desember 2020 af samstarfsaðilum frá Lettlandi, Íslandi, Írlandi, Grikklandi og Portúgal. Markmið verkefnisins er að kanna reynsluna í samstarfslöndunum af stuðningi við virka þátttöku nemenda og kennara í skipulagningu, framkvæmd og mati á námsferlinu í skólum og víðar. Einnig að skoða góð dæmi um hvernig nemendur og kennarar geti orðið sam-skapandi afl í eigin námi með því að nota ýmis samvinnunámsferli.

Meginviðfangsefni eru eftirfarandi:

- Að safna dæmum frá samstarfslöndunum um þátttöku nemenda í sam-sköpun eigin náms; og um kennara sem nota nýjar aðferðir og kennslufræði til að stýra nemendum í átt að þroskandi og markvissara námi;
- Að athuga hvað hindrar að nemendur taki þátt í að móta og innleiða sam-sköpun í námi;
- Að kanna hvers konar stuðning þarf til að kennarar geti stuðlað að nemendastýrðu námi;
- Að útbúa röð af hlaðvarpsþáttum með kennsluefni fyrir kennara um hvernig eigi að innleiða nýja kennslufræði í skólastarfi.

Ef þú vilt fræðast meira um LeCoLe verkefnið er fleira að sjá hér: (setja inn tengil á vefsíðuna þína)

Aðgerðir okkar hingað til

Samstarfsaðilar verkefnisins hafa haldið tvo vinnufundi á netinu. Fyrri fundurinn var í janúar 2021 til að hefja verkefnið formlega, en þar var gengið frá áætlun um samstarf hópsins og verkefni framundan voru rædd og mótuð. Síðari fundurinn var í janúar 2022 þar sem rætt var um þróun verkefnisins, með áherslu á gerð hlaðvarps þáttaraðar. Einnig hafa verið nokkrir stuttir netfundir til að fylgja eftir framvindu verkefnisins skv. tímalínu og koma sér saman um næstu skref.

The European Commission support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.



National Centre
for Education
Republic of Latvia



UNIVERSITY OF ICELAND
SCHOOL OF EDUCATION



An Associated College of
Trinity College Dublin, the University of Dublin



EDUCAÇÃO





Samstarfsaðilar verkefnisins heimsóttu Ísland í október 2021 og dvöldu Reykjavík. Þetta var hluti af röð námsheimsókna sem fyrirhugaðar eru innan verkefnisins. Markmið heimsóknarinnar var að kanna hvernig nemendur taka þátt í sam-sköpun í eigin námi. Það var frábær reynsla og einstakt tækifæri að sjá íslenskt menntakerfi í framkvæmd. Þátttakendum gafst kostur á að heimsækja Langholtsskóla og Norðlingaskóla og kanna sam-sköpun, þverfaglegt nám og hvernig kennarar nýta sér upplýsingatækni í menntun. Báðir skólarnir útvega nemendum sínum spjaldtölvur og kennarar þeirra starfa sem teymi og ákveða sjálfir hvernig þeir fylgja námskrá og stundatöflum.

Námsheimsóknin fól líka í sér ferð í fræðslusetrið á Þingvöllum, heimsókn í Háskóla Íslands og fræðslu þar frá starfsmönnum í deild rafrænna kennsluhátta.

Næsta námsheimsókn er fyrirhuguð til Dublin á Írlandi í febrúar 2022, þar sem samstarfsaðilar munu fræðast um írsku menntakerfið og hvernig kennarar nota nýjar aðferðir til að virkja nemendur í samvinnu og sjálfstýrðu námi.

Gagnagreining og spurningakönnun

Í fyrsta hluta verkefnisins unnu samstarfsaðilar að kortlagningu aðstæðna í hverju landi fyrir sig og birtu niðurstöður í skýrslu sem ber heitið: Þátttaka nemenda og kennara í kennslu- og námsferlum: Reynsla og áskoranir.

Viðfangsefnið sam-sköpun og hvernig það er sett fram í hverju landi var skoðað á landsvísu, í lögum og reglugerðum og á vettvangi, til að leita skilnings á sam-sköpun í skólaumhverfi hvers lands og til að komast að því hverjar hindranirnar eru í að virkja nemendur.

Gagnasöfnun fór fram með spurningalistum á tímabilinu mars til júní 2021. Svör bárust frá 507 kennurum frá Lettlandi, Grikklandi, Írlandi, Íslandi og Portúgal sem unnu með nemendum á aldrinum 12 – 19 ára.

Spurningalistinn beindist aðallega að því að kanna reynslu og skilning kennara á því hvernig þeir hugsa um virka þátttöku í kennslu og námi, að starfsháttum og þörfum kennarar fyrir nám og faglega þróun.

The European Commission support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.





Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union




Niðurstöður má finna í skýrslunni hér:

<https://app.box.com/s/g740r13h9btcj1cp4ea89hwjurt5r441>

LeCoLe samstarfsaðilar:

- National Centre for Education (VISC), Lettland – leiðandi aðili
- Education Development Centre, Lettland
- Directorate-General for School Administration, Portúgal
- Menntavísindastofnun Háskóla Íslands, Ísland
- Marino Institute of Education, Írland
- European Education and Learning Institute, Grikkland



Tengiliður

Ef þú hefur áhuga á að fræðast meira um verkefnið þá hafðu samband við Kristínu Harðardóttur, krishar@hi.is eða Kristínu Jónsdóttur, kjons@hi.is

The European Commission support for the production of this publication does not constitute an endorsement of the contents which reflects the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.



National Centre
for Education
Republic of Latvia



UNIVERSITY OF ICELAND
SCHOOL OF EDUCATION

INSTITIÚID OIDEACHAIS
MARINO
INSTITUTE OF EDUCATION

An Associated College of
Trinity College Dublin, the University of Dublin

Direção - Geral da
Administração Escolar



REPÚBLICA
PORTUGUESA

EDUCAÇÃO

